



ÁRSSKÝRSLA UM SKÓLAHALD MENNTASKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 2009

Efnisyfirlit

Lýsing á skólakerfinu	3
Innritun nemenda.....	3
Nemendafjöldi, kennslumagn og brottfall.....	4
Brottfall	Error! Bookmark not defined.
Námsframboð og skipting nema ábrautir	5
Útskrift.....	6
Starfsmannahald	7
Ýmsir viðburðir á árinu	9
Samstarf og sérverkefni.....	13
Fjármál og rekstur	14

Lýsing á skólakerfinu

Menntaskólinn á Ísafirði er fjölbrautaskóli með bundið áfangakerfi sem þýðir að flestir áfangar eru annaðhvort í boði á haustönn eða á vorönn og sumir áfangar eru einungis í boði annað hvert skólaár. Með þessu fyrirkomulagi næst fram hámarksnýting í hópa. Áfangakerfið gerir nemendum kleift að hafa áhrif á námshraða sinn og kjósa margir nemendur að hraða námi sínu en öðrum að fara hæggar yfir. Áfangakerfið er bundið sem þýðir að einungis fáir áfangar eru í boði allt skólaárið. Menntaskólinn á Ísafirði býður upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins. Boðið er upp á verknám, starfsbrautir og bóknám til stúdentsprófs. Námsframboð skólans kemur fram í skólanámskrá.

Skólaárið skiptist í tvær annir. Hvorri önn lýkur með jafn mikilvægum lokaprófum. Skólaárið er nú skilgreint samkvæmt lögum frá 22. ágúst til 31. maí. Fjöldi kennsludaga og prófa hefur verið svipaður síðustu skólaár eins og fram kemur í töflu 1 og í skólaalmanaki fyrir skólaárið 2008-2009 og 2009-2010 sem fylgir með aftast í skýrslunni ásamt lista yfir helstu viðburði í skólahaldinu.

Tafla 1. Skipting kennslu- og prófadaga 2008-2010.

	Haustönn 2008						Vorönn 2009						Alls	
	Á	S	O	N	D	Σ	J	F	M	A	M	Σ		
Kennsludagar	7	22	21	20	1	71	20	20	22	14	1	77	148	
Prófadagar og annað						14	14					14	14	28
Samtals						85						91	176	
	Haustönn 2009						Vorönn 2010						Alls	
	Á	S	O	N	D	Σ	J	F	M	A	M	Σ		
Kennsludagar	7	22	20	21	1	71	20	20	20	17	1	78	149	
Prófadagar og annað						13	13					13	13	26
Samtals						84						91	175	

Skólinn stefnir að því að fækka prófadögum og fjölga kennsludögum með því að taka upp leiðsagnarmat og minnka vægi lokaprófa.

Innritun nemenda

Skólinn hefur hingað til getað þjónað breiðum nemendahópi á þann hátt að sem flestir fá menntun við hæfi. Upptökusvæði MÍ eru norðanverðir Vestfirðir. Innritun nemenda hófst um miðja haustönn á svokölluðum valdegi sem 26. mars en á haustönn var valdagur 15. október sem var fyrr en venjulega. Nýir nemendur voru síðan innritaðir þegar umsókn með rafrænum hætti varr lokið. Nokkrir nemendur sækja alltaf um nám eftir að umsóknarfresti lýkur og eru þeir þá innritaðir ef pláss leyfir í hópum. Innritun í dreifnám lýkur þegar um vika er liðin af

upphafi hveurrar annar. Á vorönn var sérstök kynning fyrir grunnskólanema í 10. bekk á norðanverðum Vestfjörðum og var þeim þá boðið í skólann. Þar var námsframboð kynnt og húsakynni sýnd og stjórn nemendafélagsins kynnti félagslífið. Í mörg ár hefur verið gerð forkönnun á kynningardegi meðal væntanlegra nýnema um hvaða nám þeir hyggjast stunda. Eftir valdag og forkönnun var áætlun gerð um áfanga í boði og hópafjölda. Síðan var kennsluskipting gerð og áætluð þörf fyrir dreifnám út frá hópastærðum. Kennsluskipting var síðan borin undir sviðstjóra og síðan kynnt fyrir einstökum kennurum.

Nemendafjöldi, kennslumagn og brottfall

Við upphaf 40. starfsárs MÍ voru skráðir nemendur 331 en voru 337 þann 1. febrúar. Alls greiddu 329 nemar gjöld, en 2 þeirra aðeins innritunargjaldið kr. 5.500. Í dagskóla voru 324 sem er einum færri en á sama tíma í fyrra. Nýnemar voru 87 við upphaf skólaársins 2009-2010 en voru 77 við upphaf síðasta skólaárs. Nýnemar koma frá grunnskólum á norðanverðum Vestfjörðum og hlutfall þeirra voru 97% sem útskrifast úr 10. bekk. Endurinnritaðir sem komu aftur í skólann eftir hlé frá námi voru 49. Þegar innritun í dreifnám og kvöldskóla lauk í fyrstu viku septembermánaðar voru um miðjan október 356 nemendur í námi við skólann sem er tveimur fleiri en á sama tíma við upphaf síðasta skólaárs. Skráðir ársnemendur um miðjan október töldust vera 299. Nemendur sem mættu í próf eða fengu lokamat teljast 285 ársnemendur. Á sama tíma í fyrra voru skráðir ársnemendur 271 en 249 ársnemendur fengu lokamat eða mættu til prófs. Brottfall var 5% en var 8,1% um jól 2008. Miðað við þessar tölur verður þessi árangur að teljast góður og er reyndar með því besta sem gerst hefur undanfarin mörg ár. Þessar brottfallstölur segja reyndar ekkert um námsárangur nemenda. Sífelld er verið að auka eftirlit með nemendum og veita þeim aðhald og hvetja þá til að sinna náminu vel. Það er freistandi að álykta sem svo að aukið aðhald frá skólanum hafi borið þennan árangur. Fleira getur einnig komið til svo sem atvinnuástand, og aukið aðhald að heiman. Ef skólasókn nemenda er skoðað hins vegar þá kemur í ljós að meirihluti nemenda er með slaka skólasókn og alltof margir nemendur fá áminningu af þeim sökum. Þó bera að geta þess hér að 122 nemendur fengu sérstaka viðurkenningu frá skólanum vegna góðrar skólasóknar og reglusemi.

Í töflu 2 er yfirlit yfir kennslumagn og nemendafjölda og brottfall úr áföngum frá 2005-2009.

Tafla 2. Kennslumagn, heimtur nýnema, innritaðir ársnemar eftir töflubreytingar og brottfall vor- og haustannar 2003-2010.

Önn	Dagskóli	Dreifnám	Starfsbraut	Kvöldskóli	Samt. kest./viku	Grunnsk.-valg.	Nýnemar í 10. b. norðanv. Vestfj.	Innr. nýnemar	Heimtur nýnema %	Innr. ársnem.	Skráðir í dagskóla	Í próf	Brottfall úr áföngum
20031	544	0	94	64	702	0				276	276	249	9,8%
20032	572	0	72	62	706	0	97	81	84%	291	315	277	12,1%
20041	619	0	66	34	719	0				321	306	272	11,1%
20042	625	0	62	41	728	0	91	96	105%	355	337	284	15,7%
20051	634	0	62	36	732	0				341	311	298	4,2%
20052	677	0	55	46,4	778	0	80	83	104%	351	337	295	12,5%
20061	676	0	64	24	764	0				355	258	241	6,5%
20062	584	0	58	0	642	0	71	71	100%	280	293	276	5,8%
20071	593	26	65	0	684	0				268	267	236	11,9%
20072	578	27	61	19	685	0	80	54	68%	314	286	252	11,9%
20081	598	25,2	63	38	724	0				282	268	235	12,3%
20082	537	12	69	17	634	14	83	77	93%	304	271	249	8,1%
20091	517	12,6	64	28,2	622	14				279	274	240	12,4%
20092	556	18,3	43	12,3	629	16	87	84	97%	281	299	285	4,7%

Námsframboð og skipting nema ábrautir

Námsframboð skólans er fjölbreytt eins og áður og reyndar á mörkum þess sem skólinn ræður við hvað varðar fjárheimildir. Skipting nema á námsbrautir er sýnd í töflu 3.

Að meðaltali voru 28% nemenda í verknámi á árinu en fyrir nokkrum árum var þetta hlutfall um 20%. Samtals 73 grunnskólanemar í 9. og 10. bekk á norðanverðum Vestfjörðum sóttu tvo tíma á viku í verknámsgreinum þ.e. trúnað, hárið, snyrtigreinum, málsmíði og áfanga sem kallast vélar og rafmagn. Er þetta þriðja önnin sem þessar valgreinar eru í boði á kostnað sveitarfélaganna. Líklegt að þetta ásamt auknu námsframboði verknámsgreina hafi átt mestan þátt í þeirri auknu aðsókn í iðngreinar sem raun ber vitni.

Tafla 3. Skipting nema á námsbrautir við upphaf haustanna 2007-2009.

Skst. brautar	Heiti námsbrauta	Haust 2007		Haust 2008		Haust 2009	
		Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
AN	Almenn námsbraut	53	15%	49	13,9%	52	15,4%
FÉ	Félagsfræðabraut	85	25%	97	27,6%	81	24,0%
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	6	2%	7	2,0%	2	0,6%
NÁ	Náttúrufræðibraut	56	16%	62	17,6%	67	19,9%
HG9	Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	1	0%	2	0,6%	3	0,9%
SB	Starfsbraut	5	1%	8	2,3%	5	1,5%
SJ	Sjúkraliðabraut	21	6%	20	5,7%	22	6,5%
GRAF02	Grunndeild rafiðna	1	0%	4	1,1%	1	0,3%
MG	Grunnnám málmiðngreina	11	3%	15	4,3%	13	3,9%
VSS	Stálsmíði - iðnnám á verknámsbraut	10	3%	4	1,1%	10	3,0%
SM8	Húsasmíði - iðnnám á verknámsbraut	10	3%	14	4,0%	6	1,8%
HÚ9	Húsasmíði - samningsbundið iðnnám	7	2%	1	0,3%	12	3,6%
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	3	1%	8	2,3%	3	0,9%
VV1	Vélstjóranám 1.stig	30	9%	15	4,3%	25	7,4%
VV2	Vélstjóranám 2.stig						
VV3	Vélstjóranám 3stig	0	0%	10	2,8%	3	2,7%
HG	Hársnyrtiiðnbraut	10	3%	6	1,7%	12	3,6%
MEI	Almennt iðnmeistaránám	18	5%	10	2,8%	9	2,7%
STÚ	Samfélagstúlkun	17	5%	20	5,7%	5	1,5%
	Samtals höfðatala:	344		352		331	
	Á iðn- og starfsnámsbrautum	103	30%	87	24,7%	104	30,9%

Þjálfun afreksípróttta var áfram í boði þriðja árið í röð og rúmlega 30 nemendur af ýmsum brautum voru skráðir við upphaf haustanna. Afreksípróttanemendur æfa á skólatíma samkvæmt stundaskrá þrjá morgna í viku og fá nemendur 2 einingar í vali til stúdentsprófs standist þeir þær kröfur sem gerðar eru um árangur.

Útskrift

Útskriftarathöfn fór fram í Ísafjarðarkirkju 25. maí. Þá voru útskrifaðir 63 nemendur. Útskriftarnemar á vorönn 2009 skiptust þannig: Átta vélaverðir smáskipa, fjórir með vélstjórnarréttindi A náms, tveir með 2. stig og fjórir með vélstjórnarréttindi B náms. Einn nemandi lauk prófi í húsasmíði, Einn brautskráðist af þriggja ára sjúkraliðabraut. Tveir luku námi í stálsmíði. Þrír nemendur fengu skírteini af starfsbraut. Stúdentsefnin voru 35: 19 af félagsfræðabraut, 11 af náttúrufræðibraut, tveir af viðskipta- og hagfræðibraut og þrír útskrifast

sem stúdentar með viðbótarnám eftir iðnpróf. Tveir útskrifuðust með iðnmeistarapróf. Dúx scholae að þessu sinni var Halldór Smáráson með meðaleinkunnina 8,82.

Jólapróf hófust 1. desember og voru þá 44 nemendur útskrifaðir með náms- eða starfsréttindi og skiptust þannig eftir brautum: Átján útskrifuðust sem vélaverðir smáskipa. Úr A námi vélstjórnar luku fimm prófum. Átta útskrifuðust með sveinspróf í húsasmíði þar af tveir með viðbótarnám til stúdentsprófs. Þá voru brautskráðir 3 nemendur af námsbraut í samfélagstúlkun og er það annar hópurinn sem lýkur því námi en þeir hófu nám sitt við Menntaskólann á Ísafirði haustið 2008. Ellefu luku stúdentsprófi: fimm af félagsfræðabraut, tveir af náttúrufræðibraut, og 4 með viðbótarnám af iðnnámsbrautum. Alls voru 107 nemendur útskrifaðir á árinu með náms- eða starfsréttindi en 92 nemendur voru útskrifaðir á skólaárinu 2008-2009.

Starfsmannahald

Við Menntaskólann á Ísafirði störfuðu á árinu 38 starfsmenn, þar af voru um 32 manns í heilum stöðum við kennslu og stjórnunarstörf. Kennarar við skólann voru að jafnaði 30 að meðtöldum stundakennurum eða kennurum í hlutastöðum og deildu með sér 26 stöðugildum.

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi skólans árinu. Í stað Emils Emilssonar sem fór í launað leyfi á haustönn kom Rúnar Arnarsson til að kenna nemendum á starfsbraut. Hermanna Níelsson sneri aftur úr sínu leyfi og kenndi íþróttir eins og áður en kenndi dönsku ásamt Katrínu og Stellu. Stefan Gunther þýskukennari sneri aftur til starfa eftir fæðingarorlof. Gunnar Eydal hefur var ráðinn í hálf starf fram að áramótum og kenndi jarðfræði. Samið var verið við vélsmiðjuna Þrym hf á Ísafirði um kennslu í vélvirkjun fyrir vélstjórnarnema á þriðja námsári. Hildur Halldórsdóttir aðstoðarskólameistari var í fæðingarorlofi frá miðjum ágúst fram til áramóta en í fjarveru hennar skiptu Friðgerður Ómarsdóttir áfangastjóri og Guðrún Stefánsdóttir násráðgjafi með sér verkefnum aðstoðarskólameistara að stórum hluta. Friðgerður sagði upp starfi sínu sem áfangastjóri og hyggst snúa sér alfarið að kennslu á næstu önn. Guðrún var áfram verkefnastjóri námskrárvinnunnar og sinnti einnig námsráðgjöf að hluta eins og áður á mótí Stellu Hjaltadóttur. Stöðugildi fyrir önnur störf en kennslu eru sýnd í töflu 4 en haustönn 2008 er látin fylgja hér með til viðmiðunnar. Sviðstjórar eru 11 og fá þeir samtals 12 þrep ofan á launin sem jafngilda um 25% stöðugildi. Þeir eru ráðnir til 1. ágúst 2011.

Sviðstjórar 2009-2011:

1. Emil Ingi Emilsson, starfsbraut
2. Guðmundur Einarsson, vélstjórnargreinar
3. Hermann Níelsson, íþróttagreinar
4. Hildur Halldórsdóttir, raungreinar og sjúkraliðagreinar
5. Hrafnhildur Hafberg, íslenska
6. Jóhann Kristjánsson, stærðfræði og viðskiptagreinar
7. Margrét Skúladóttir, hárið- og snyrtigreinar
8. Rúnar Helgi Haraldsson, samfélagsgreinar
9. Stefan Gunther, erlend tungumál
10. Tryggvi Sigtryggsson, málmiðngreinar
11. Þróstur Jóhannesson, trúgreinar

Námskrárstjóri er ráðinn til ágúst 2010 en ráðning hans verður endurskoðuð í ljósi þess hvernig gengur að aðlaga skólastarfið að nýjum framhaldsskólalögum. Sérstakur stuðningsfulltrúi var ekki ráðinn skólaárið 2009-2010 en í stað þess var kennsla aukin um 7 kennslustundir á starfsbraut.

Forvarnarstarf var ekki á höndum sérstaks forvarnarfulltrúa en í þess stað var forvarnarteymi skipað stjórnendum, námsráðgjöfum og þeim kennurum sem kenndu lífsleikni. Guðjón Torfi Sigurðsson var áfram upplýsingatæknistjóri en í 33% starfi í stað 80% starfs á síðasta ári. Þrátt fyrir kröfur um niðurskurð og aðhaldsaðgerðir skertist þjónusta við nemendur ekki mikið og til marks um það þá störfuðu á skrifstofu skólans 11 starfsmenn og deildu með sér 7 stöðugildum sem er skerðing um 0,75 stöðugildi frá fyrra ári en er 1,4 stöðugildum meira en var fyrir 10 árum síðan.

Á heimavist voru skráðir 15 nemendur á haustönn sem er nokkru færri en verið hefur og um áramót voru þeir orðnir 11. Háskólaþing Vestfjarða óskaði eftir húsnæði á heimavist fyrir nokkra nemendur í haf- og strandsvæðastjórnun og dvöldu þrír nemendur þar framan af haustönn en einungis einn við lok ársins. Heimavistarvarsla var áfram í höndum Jóhanns Kristjánssonar. Guðni Ásmundsson var áfram húsvörður og Hugljúf Ólafsdóttir sá um matseld í mötuneyti skólans eins og mörg undanfarin ár. Katrín Gunnarsdóttir verður áfram bókavörður. Aðrar stöður og sérverkefni voru óbreyttri skipan og frá síðasta skólaári.

Tafla 4. Stöðugildi í öðrum störfum en kennslu

	20082	20091	20092
Skólameistari	100%	100%	100%
Aðstoðarskólameistari	75%	75%	0%
Áfangastjóri	75%	75%	75%
Staðg. aðstoðarskm.	0%	0%	25%
Námsskrárstjóri	50%	50%	50%
Fjármálastjóri	30%	30%	30%
Fjármálafulltrúi	70%	70%	70%
Náms- og starfsráðgjöf	100%	100%	100%
Upplýsingatæknistjóri	100%	31%	31%
Félagsmálastjóri	12.5%	12.5%	3%
Förvarnarfulltrúi	12.5%	0%	0%
Bókavörður	100%	75%	75%
Stuðningsfulltrúi	0%	50%	0%
Ritari	100%	100%	100%
Húsvörður	100%	100%	100%
Ritun sögu MÍ	33%	33%	0%
Heimavistarvarsla	50%	50%	30%
Ræsting	309%	309%	309%
Samtals stöðugildi	1292%	1248%	1098%
Breyting frá haustönn 2008		-44%	-194%

Ýmsir viðburðir á árinu

Við upphaf haustannar 2008 bauð skólinn upp á vélstjórnarnám 3ja árs svokallað B nám. Ástæða þess að þetta nám hefur ekki verið í boði fyrr er vegna gífurlegs kostnaðar við kaup á kennslutækjum og þeirrar kröfu að til staðar væri sérstakur vélahermir. Leitað var til fyrirtækja og einstaklinga um aðstoð. Arnar Kristjánsson lagði til skip sitt með vel búnu vélarúmi og aðstoðaði hann einnig við kennsluna. Orkubú Vestfjarða lagði einnig til kennsluástöðu í varaflstöð og starfsmenn þess veittu sérstaka aðstoð. Pétur Jónasson lagði til vélsmiðju sína Þrym undir kennslu í vélvirkjun sem hann sá um. Án þessarar aðstöðu, sem var veitt án endurgjalds, hefði ekki verið hægt að bjóða þetta nám. Hjónin Margrét Hauksdóttir og Sigurlaugur Baldursson færðu skólanum peningagjöf kr. 100.000 til styrktar vélstjórnarbrautinni og vildu með því þakka skólanum fyrir allt það skólinn hefur veitt börnum þeirra. Þann 30. október færði Félag járníðnarmann á Ísafirði skólanum að gjöf eina milljón króna til styrktar málmiðngreinum. Þessir styrkir sýna vel hug samfélagsins hér til skólans.

Samvinna við stjórn nemendafélagsins hefur verið góð. Nemendafélaginu var vel stýrt og vel var haldið utan um allar fjárreiður. Framganga nemenda í viðburðum á borð við Gettu betur, Morfís, Söngkeppni framhaldsskólanna var skólanum til mikils sóma og til marks um kröftugt félagslíf á vegum nemendafélagsins. Að venju var glæsileg dagskrá á Sólrísvíkunni í boði nemenda skólans. Við upphaf vikunnar frumsýndi leikfélagið leikritið Draumur á Jónsmessunótt eftir William Shakespeare undir leikstjórn Helgu Rakelar Rafnsdóttur. Leikritið var sýnt fjórum sinnum og var aðsókn góð. Í byrjun mars opnaði nemendafélagið nýja heimasíðu nmisa.is. Í könnun um viðhorf þeirra sem skoðað hafa síðuna kemur í ljós að sextú og þremur prósentum finnst hún geggjúð!

Forvarnarstefna skólans hefur verið endurskoðuð og breytt og einnig hafa reglur um dansleikjahald á vegum skólans verið hertar. Einungis tveir dansleikir voru haldnir á vegum nemendafélagsins á haustönn og báðir á sal skólans. Tókst mjög vel til.

Nýr þjónustusamningur um upplýsingatækniþjónustu og fartölvuvæðingu var gerður við Opin kerfi og Snerpu og hann undirritaður 18. ágúst 2008. Keyptar voru 270 fartölvur fyrir nemendur og 33 fartölvur fyrir starfsmenn. Um helmingur dagskólanema hefur fengið fartölvur frá skólanum en hinir hafa komið með eigin fartölvur. Sérstakur hugbúnaður var keyptur til að tengja kennaratölvur við nemendatölvur. Mikilvægt er að kennarar getir haft beint samband við nemendur um tölvukerfið og haft þannig stjórn á því sem nemendur aðhafast í kennslustundum. Vegna tæknilegra örðugleika tókst ekki að nýta þetta öflugna samskiptaforrit fyrr en í lok vorannar 2009.

Haustið 2006 tók skólinn í notkun námsumsjónarkerfi á innra neti sem nefnist Námsskjár. Á haustönn 2009 var ákveðið af stjórnendum og kennurum skólans að skipta um kerfi og taka upp námsumhverfið sem nefnist Moodle. Ástæðan fyrir breytingunni var fyrst fremst sú að Moodle er ókeypis forrit en fyrir Námsskjáinn þurftir að greiða um kr. 800 þúsund á ári. Þetta kerfi eins og Námsskjárinn er til upplýsingamiðlunar milli kennara og nemenda. Þarna setja kennarar inn námsáætlanir og verkefni og nemendur geta skilað inn úrlausnum verkefna sinna og tekið gagnvirk próf. Þjónusta við nemendur hefur því aukist til muna og öll samskipti milli kennara og nemenda er mun greiðari en áður og miðlun námsefnis betri. Ætla mætti að bætt þjónusta við nemendur og bætta kennsluaðferðir skili meiri námsárangri, minnki brottfall og dragi úr kennslukostnaði. Brottfallstölur benda til þess en ekki hefur verið sýnt fram á að upplýsingatæknin hafi bætt námsárangur nemenda. Kennarar hafa kvartað yfir að stöðugt aðgengi að netinu trufla nemendur í kennslustundum og jafnvel utan kennslustunda. Eftir páska

var lokað á allar samskiptaleiðir á netinu sem teljast vera truflandi fyrir nemendur og mun það verða áfram þannig.

Upplýsingatæknin er komin til að vera en breyta þarf skipulaginu til að laga það að þörfum netvædds ungs fólks. Þetta kallar á gjörbreyttar áherslur í menntastarfi og breyttu hlutverki kennara og menntastofnana. Unnið verður að því fá næsta skólaári breyta skipulagi kennslu til að upplýsingatæknin skili þeim árangri sem henni er ætlað.

Í lok apríl barst skólanum nýr samningur um leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs. Samkvæmt samningnum mun leigan hækka um 54% á þessu ári og verður 65% hærrí árið 2010 en hún var 2008! Þessum leigusamningi var mótmælt og hefur hann ekki undirritaður óbreyttur enda er skólameistara óheimilt að skuldbinda skólann umfram fjárheimildir. Samningum um leigu á íþróttahúsi var sagt upp í mars og var nýr samningur í undirritaður í september þar sem gert er ráð fyrir verulegri lækkun leigu án skerðingar á íþróttatímum.

Nokkrar breytingar voru gerðar á húsakynnum skólans. Í janúar 2009 var kennslustofa starfsbrautar og skrifastofa nemendafélagsstjórnar sameinuð í eina kennslustofu og öll aðstaða fyrir nemendur þar bætt til muna. Skrifstofuaðstaða nemendafélagsstjórnar var flutt til bráðabrigða á heimavistina fyrir ofan mötuneytið en um í lok apríl fékk nemendafélagið varanlega aðstöðu í rúmgóðu herbergi fyrir neðan eldhús mötuneytisins. Rétt fyrir páska var lokið gagngerum endurbótum á efri hæð suðvesturálmu heimvistar en neðri hæðin var endurbætt með sama hætti fyrir fjórum árum. Nú eru tuttugu rúmgóð herbergi í suðvesturálmunni með nýjum húsbúnaði og snyrtingu sem fylgir hverju herbergi.

Í nóvember var gerð könnun meðal nemenda um gæði kennslunnar og einnig um fartölvunotkun nemenda og hvernig upplýsingatæknin nýttist þeim í námi. Úrvinnslu er ekki lokið en niðurstaðan verður birt á vorönn og verður nýtt til að endurskoða kennsluhætti og notkun fartölvu við kennslu og nám. Gerð hefur verið þriggja ára áætlun um innra mat skólans. Á vorönn var gerð könnun meðal foreldra nemenda yngri en 18. Niðurstöður verða svo birtar í sérstakri sjálfsmatsskýrslu.

Skólanámskrá Menntaskólans á Ísafirði er í sífelldri endurskoðun. Almenni kafli skólanámskrárinnar hefur tekið miklum breytingum í samræmi við ný lög um framhaldsskóla sem tóku að hluta gildi 1. ágúst 2008. Í skólanámskránni eru áherslur og markmið og stefna skóla sett fram, starfsáætlun og umbótaáætlun í samræmi við innra mat. Markmiðin snerta alla

mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal fjármál, nemendur, starfsmannamál, námsframboð, nám, gæði kennslu, stjórnun og stoðþjónustu. Skólanámskráin var lögð fram á skólanefndar fundi 14. des. og tveimur dögum síðar var hún fyrir á kennarafund þar sem hún var samþykkt samhljóða eftir nokkrar breytingar. Skólanámskráin verður svo áfram í vinnslu á næsta ári þar sem áherslan verður á endurskipulagningu námsbrauta og áfangalýsinga

Ný heimasíða var tekin í notkun 13. nóvember í vefumsjónarkefi sem heitir Snerpill. Ágúst Atlason hjá Snerpu á heiðurinn af útliti og uppsetningu síðunnar ásamt mörgum myndum sem teknar voru af skólastarfinu í haust. Vefumsjónarkerfið og nýtt viðmót heimasíðunnar mun vafalaust bæta upplýsingamiðlun til allra átta og auglýsa það starf sem fram fer í skólanum.

Menntaskólinn á Ísafirði sigraði Menntaskólann Hraðbraut í Morfís, mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna, sem fram fór laugardaginn 21. nóvember. Umræðuefnið var "Það á að gera Vestmannaeyjar að fanganýlendu" og MÍ-ingar voru meðmælendur. Lið MÍ skipuðu: Andri Pétur Þrastarson, Hreinn Þórir Jónsson, Svanur Pálsson, liðstjóri er Hermann Óskar Hermannsson og þjálfari var Gunnar Atli Gunnarsson fyrrverandi nemandi skólans.

Vert er að minnast á mjög gott kynningarmyndband um afreksíþróttabraut skólans sem Hermann Níelsson íþróttakennari stóð fyrir. Myndbandið var sýnt tvisvar í ríkissjónvarpinu og hefur verið gefið út á disk og dreift til framhaldsskóla landsins. Þetta myndband hefur mikið auglýsingagildi fyrir skólann.

Björn Teitsson fyrrverandi skólameistari vann áfram við ritun sögu skólans og er stefnt að því að henni ljúki á vorönn 2010. Tilboð bárust í hönnun, umbrot og prentun bókarinnar frá fjórum prentsmiðjum og var lægsta tilboði tekið frá Ásprent á Akureyri. Stefnt er að hún komi út fyrir lok næstu vorannar.

Við upphaf haustannar 2009 var gerð sérstök viðbragðsáætlun vegna yfirvofandi svínainflúensu. Sem betur fer hafði flensan ekki teljandi truflun á skólalaldið.

Sérstök umbótaáætlun hefur verið gerð fyrir vorönn 2010 og sett í skólanámskrá. Yfirskrift vorannar verður: Ábyrgð – Agi: Lögð verður áhersla á að nemendur taki meiri ábyrgð á sjálfum sér en áður. Stefnt verður að því að bæta skólasókn og ástundun nemenda og markvisst unnið að auka vinnuframlag nemenda í kennslustundum og í heimanámi. Þá verður svokallað leiðsagnarmat tekið upp í einstökum áföngum og dregið úr vægi lokaprófa.

Samstarf og sérverkefni

Við upphaf vorannar 2009 hófst samstarf milli MÍ, Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra og Verkmenntaskóla Austurlands um námskrágerð og innleiðingu framhaldsskólalaganna.

Samstarf er við grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum um valgreinar í verknámi eins og fram hefur komið. Á fundi með stjórnendum MÍ og grunnskólastjórum 19 febrúar 2009 var ákveðið að efla samstarfið einkum er varðar faggreinakennara grunnskólana og sviðstjóra skólans.

Sérstakur fundur var haldinn með forráðamönnum nýnema mánudaginn 31. ágúst. Á þeim fundi var ítarleg kynning á skólastarfinu.

Skólinn er í formlegu samstarfi við framhaldsskóla í Frakklandi sem felur í sér nemendaskipti annað hvert ár. Einnig hefur skólinn átt góð samskipti við framhaldsskóla í Svendborg í Danmörku.. Nemendur ásamt þremur kennurum frá samstarfsskóla okkar í Frakklandi höfðu vikudvöl hjá okkur í október 2008. Okkar nemendur fóru síðan til Frakklands ásamt tveimur kennurum í lok mars 2009. Í byrjun apríl komu 28 nemendur frá Svendborg Gymnasium ásamt tveimur kennurum og dvöldu hér í þrjá daga. Þessar nemendaskiptaferðir heppnuðust mjög vel.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða og MÍ fengu haustið 2008 24 m.kr. styrk úr svokölluðum Mótvegissjóði til sjö samstarfsverkefna sem lauk nú um síðustu áramót. MÍ er í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um raunfærnimat og könnun á námsframboði og leiðum til að fá ungt atvinnulaust fólk til náms. Önnur fyrirhuguð samstarfsverkefni við Fræðslumiðstöð Vestfjarða eru íslenskukennsla fyrir innflytjendur og skipstjórnarnám.

Skólinn er í samvinnu við Byggðasafn Vestfjarða og Atvinnuþróunarsetur Vestfjarða um verkefnið Gullkistan sem er m.a. um horfin handverk og sögu skipasmíða.

Skólinn hefur aukið samstarf við Ísafjarðarbæ vegna forvarna og hefur forvarnateymi skólans reglulegt samband við forvarnafulltrúa Ísafjarðarbæjar.

Skólinn metur tónlistarnám frá Tónlistarskóla Ísafjarðar og einnig Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar og stefnt er að auka vægi valgreina sem tengjast listum.

Skólinn hefur frá 2006 verið með afreksíþróttabraut í samstarfi við Héraðssamband Vestfjarða sem greiðir fyrir laun þjálfara og afnot af íþróttahúsi en skólinn greiðir fyrri kennslu tveggja áfanga á önn.

Skólinn hefur verið í samstarfi við Rauðakross Íslands um kennslu í skyndihjálpi.

Skólinn fylgir gæðakerfi ISO 9001:2000 frá Tækniskóla Íslands vegna kennslu í vélstjórnargreinum.

Á starfsdögum daginn eftir útskrift fóru kennarar og stjórnendur skólans á Sauðárkrók og dvöldu þar í tvo daga við námskrárvinnu í samstarfi við Framhaldsskóla norðurlands vestra, Verkmenntaskóla Austurlands og Framhaldsskóla Vestamanneyja. Menntamálráðuneytið hefur veitt skólanum sérstakan styrk til samstarfsins að upphæð 2,5 millj. króna fyrir skólaár 2009-2010.

Fjármál og rekstur

Á haustönn var fjárhagsstaða skólans nokkuð til umræðu í fjölmiðlum. Tilefnið var að í skýrslu ríkisendurskoðunar sem út kom í ágúst er Menntaskólinn á Ísafirði nefndur sérstaklega sem ein af þeim ríkisstofnunum þar sem staðan „gagnvart fjárheimildum hafi versnað töluvert frá úttekt Ríkisendurskoðunar um mitt ár” og talið tímabært að tilsjónarmaður verði skipaður eins og segir í skýrslunni. Þetta reyndist sem betur fer vera rangt og þetta leiðrétt með fréttatilkynningu sem send var til fjölmiðla.

Í upphaflegri rekstraráætlun 2009 var gert ráð fyrir að allur uppsafnaður halli fyrri ára yrði greiddur upp, samtals 24,5 m.kr. Við endurskoðun á fjárhagsáætlun 17. Apríl var gert ráð fyrir afgangi upp á kr. 8.9 m.kr og við endurskoðun í byrjun september var reiknað með kr 7.2 m.kr af rekstri ársins eins og reyndin varð og sjá má í töflu 5

Tafla 5. Lykilstærðir í ársreikningi 2009

	<u>2009</u>	<u>2008</u>	<u>Fjárheimild</u>
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	39.791.709	29.480.102	19.000.000
Gjöld samtals.....	281.193.728	290.428.992	292.070.059
Framlag úr ríkissjóði.....	273.070.059	246.514.757	273.070.059
Hagnaður/tap ársins.....	31.668.040	-14.434.133	0
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals.....	16.814.878	11.870.566	
Skuldir samtals.....	9.677.444	36.401.172	
Höfuðstóll í árslok.....	7.137.434	-24.530.606	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	-3.218.363	-30.356.852	

Yfirlit um fjárheimildir og rekstur skólans 2004-2009 er sýnt í töflu 6.

Tafla 6. Fjárheimildir og rekstur skólans frá 2004.

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Fjárheimild ársins	190	207	213	248	247	249
Afgangur/halli ársins	5	-12	-15	17	-14	7,2
Hlutfall af fjárheimild ársins	2,6%	-5,8%	-7,0%	6,9%	-5,7%	2,9%

Í skólasamningi frá 2006 og síðan við endurskoðun sammingsins 2008 hefur fjárframlag til skólans verið miðað við nemendauppgjör eins og það var 2005. Síðan þá hefur námsframboð aukist með tilkomu háriðnbrautar, 3ja árs námi vélstjórnar og stálsmíði ásamt samfélagstúlkun. Vikulegar kennslustundir hafa hins vegar verið skornar verulega niður með hagræðingu og voru á haustönn 140 vikustundum færri en var þá. Það hefur því þurft mikla útsjónarsemi til að ná endum saman. Í rekstraáætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að vikustundir á önn verði 200 færri en var fyrir fjórum árum sem þýðir skerðingu um 8 kennarastöðugildi. Með þessari miklu skerðingu í kennslu ásamt öðrum aðhaldsaðgerðum mun takast að halda rekstri skólans innan fjárlagarammans á næsta ári. Frekari fækkun kennslustunda verður tæplega gerð nema minnka námsframboð skólans og þá sérstaklega verknámsgreina. Það myndi leiða til fækkunar nemenda.



Skólaalmanak MÍ skólaárið 2008-2009

Haustönn 2008

Starfsdagar kennara 19. og 20. ágúst.
 Starf með nemendum 21. ágúst - 19. desember
 Skólasetning fimmtudaginn 21. ágúst. Busavígsla. Töflubreytingar 21. og 22. ágúst.
 Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá 22. ágúst. Innvígsla nýnema (busun)
 Heimavist opnuð miðvikudaginn 20. ágúst
 Miðannarmat sent út 15. október
 Löng helgi 24. - 27. október
 Valdagur 30. október
 Síðasti kennsludagur, föstudagurinn 28. nóvember
 Haustpróf 1. - 18. desember
 Endurtektar- og sjúkrapróf 16.-17. desember
 Prófsýning 18. desember
 Útskrift föstudaginn 19. desember
 Jólaleyfi 22. desember - 2. janúar

AGUST				
M	Þ	M	F	F
				1
4	5	6	7	8
11	12	13	14	15
18	19	20	21	22
25	26	27	28	29

SEPTEMBER				
M	Þ	M	F	F
1	2	3	4	5
8	9	10	11	12
15	16	17	18	19
22	23	24	25	26
29	30			

OKTÓBER				
M	Þ	M	F	F
		1	2	3
6	7	8	9	10
13	14	15	16	17
20	21	22	23	24
27	28	29	30	31

NÓVEMBER				
M	Þ	M	F	F
3	4	5	6	7
10	11	12	13	14
17	18	19	20	21
24	25	26	27	28

DESEMBER				
M	Þ	M	F	F
1	2	3	4	5
8	9	10	11	12
15	16	17	18	19
22	23	24	25	26
29	30	31		

Vorönn 2009

Starf með nemendum 5. jan - 23. maí
 Nemendur mæta 5. janúar. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá. (Töflubreytingar 5. jan)
 Árshátið föstudaginn 13. febrúar
 Miðannarmat sent út 18. febrúar
 Sólrishátið 27. feb. - 8. mars
 Gróskudagar 4.-6. mars
 Valdagur 26. mars
 Páskaleyfi 6.-14. apríl
 Fyrsti sumardagur 23. apríl og verkalýðsdagurinn 1. maí
 Síðasti kennsludagur og Dimission fimmtudaginn 30. apríl
 Vorpróf 4. - 22. maí. Endurtektar- og sjúkrapróf 19. - 20. maí. Prófsýning 22. maí
 Brautskráning og skólaslit, laugardaginn 23. maí
 Starfsdagar kennara 25. og 26. maí

JANÚAR				
M	Þ	M	F	F
			1	2
5	6	7	8	9
12	13	14	15	16
19	20	21	22	23
26	27	28	29	30

FEBRÚAR				
M	Þ	M	F	F
2	3	4	5	6
9	10	11	12	13
16	17	18	19	20
23	24	25	26	27

MARS				
M	Þ	M	F	F
2	3	4	5	6
9	10	11	12	13
16	17	18	19	20
23	24	25	26	27
30	31			

APRÍL				
M	Þ	M	F	F
		1	2	3
6	7	8	9	10
13	14	15	16	17
20	21	22	23	24
27	28	29	30	

MAÍ					
M	Þ	M	F	F	L
				1	
4	5	6	7	8	
11	12	13	14	15	
18	19	20	21	22	23
25	26	27	28	29	

JÚNÍ				
M	Þ	M	F	F
1	2	3	4	5
6	7	8	12	13
16	17	18	19	20
23	24	25	26	27
30				

Skýringar:

	Árshátið
	Skólasetning, brautskráning og skólaslit
	Leyfis dagar nemenda
	Starfsdagar kennara
	Gróskudagar/óhefðbundið skólastarf
	Kennsludagur
	Prófdagur og annað

	Haustönn 2008					Vorönn 2009						Alls	
	Á	S	O	N	D	Σ	J	F	M	A	M		Σ
Kennsludagar	7	22	21	20	1	71	20	20	22	14	1	77	148
Prófadagar og annað					14	14					14	14	28
Samtals						85						91	176



Skólaalmanak Mí skólaárið 2009-2010

Haustönn 2009

Starfsdagar kennara 19. og 20. ágúst.
 Starf með nemendum 21. ágúst - 19. desember
 Skólasetning föstudaginn 21. ágúst. Töflubreytingar 21. ágúst.
 Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá 24. ágúst.
 Heimavist opnuð fimmtudaginn 20. ágúst
 Miðannarmat sent út 14. október
 Löng helgi 23. - 26. október
 Valdagur 29. október
 Síðasti kennsludagur, mánudagurinn 30. nóvember
 Haustpróf 1. - 17. desember
 Endurtektar- og sjúkrapróf 15.-16. desember
 Prófsýning 16. desember
 Útskrift föstudaginn 18. desember kl. 14.00
 Jólaleyfi 21. desember - 1. janúar

AGUST				
M	Þ	M	F	F
3	4	5	6	7
10	11	12	13	14
17	18	19	20	21
24	25	26	27	28
31				

SEPTEMBER				
M	Þ	M	F	F
	1	2	3	4
7	8	9	10	11
14	15	16	17	18
21	22	23	24	25
28	29	30		

OKTÓBER				
M	Þ	M	F	F
			1	2
5	6	7	8	9
12	13	14	15	16
19	20	21	22	23
26	27	28	29	30

NÓVEMBER				
M	Þ	M	F	F
2	3	4	5	6
9	10	11	12	13
16	17	18	19	20
23	24	25	26	27
30				

DESEMBER				
M	Þ	M	F	F
	1	2	3	4
7	8	9	10	11
14	15	16	17	18
21	22	23	24	25
28	29	30	31	

Vorönn 2010

Starf með nemendum 4. jan - 22. maí
 Nemendur mæta 4. janúar. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá. (Töflubreytingar 4. jan)
 Árshátíð föstudaginn 12. febrúar
 Miðannarmat sent út 17. febrúar
 Sólrishátíð 26. feb. - 7. mars
 Gróskudagar 4. - 5. mars
 Valdagur 25. mars
 Páskaleyfi 29. mars - 6. apríl
 Kosningavika 12.-15.apríl
 Fyrsti sumardagur 22. apríl, uppstigningadagur 13. maí og 2. hvítasunnudagur 24. maí
 Síðasti kennsludagur og Dimission fimmtudaginn 30. apríl
 Vorpróf 3. - 20. maí. Endurtektar- og sjúkrapróf 18. - 19. maí. Prófsýning 20. maí
 Brautskráning og skólaslit, laugardaginn 22. maí
 Starfsdagar kennara 25. og 26. maí

JANÚAR				
M	Þ	M	F	F
				1
4	5	6	7	8
11	12	13	14	15
18	19	20	21	22
25	26	27	28	29

FEBRÚAR				
M	Þ	M	F	F
1	2	3	4	5
8	9	10	11	12
15	16	17	18	19
22	23	24	25	26

MARS				
M	Þ	M	F	F
1	2	3	4	5
8	9	10	11	12
15	16	17	18	19
22	23	24	25	26
29	30	31		

APRÍL				
M	Þ	M	F	F
			1	2
5	6	7	8	9
12	13	14	15	16
19	20	21	22	23
26	27	28	29	30

MAÍ					
M	Þ	M	F	F	L
3	4	5	6	7	
10	11	12	13	14	
17	18	19	20	21	22
24	25	26	27	28	
31					

JÚNÍ				
M	Þ	M	F	F
1	2	3	4	5
6	7	8	12	13
16	17	18	19	20
23	24	25	26	27
30				

Skýringar:

- Árshátíð
- Skólasetning, brautskráning og skólaslit
- Leyfis dagar nemenda
- Starfsdagar kennara
- Kennsludagur
- Prófdagur og annað

	Haustönn 2009					Vorönn 2010					Alls		
	Á	S	O	N	D	Σ	J	F	M	A		M	Σ
Kennsludagar	7	22	20	21	1	71	20	20	20	17	1	78	149
Prófadagar og annað					13	13					13	13	26
Samtals						84						91	175